

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitu og rotþróargjald í Eyjafjarðarsveit.

#### 1. gr.

Sveitarfélagið innheimtir árlega fráveitu- og rotþróargjöld skv. gjaldskrá þessari og samþykkt nr. 306/2008 um fráveitur í Eyjafjarðarsveit. Fráveitugjöld nefnast einnig holræsagjöld.

Gjöldin skulu innheimt með fasteignagjöldum og njóta lögveðs í fasteign þeirri sem lagt er á, sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum.

#### 2. gr.

##### *Fráveitugjöld.*

Af fasteignum í Eyjafjarðarsveit, sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald, sbr. 16. gr. samþykktar nr. 306/2008 um fráveitur í Eyjafjarðarsveit.

Holræsagjald skal vera 0,1% af fasteignamati húsa, mannvirkja, lóða og landa skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

#### 3. gr.

##### *Rotþróargjöld.*

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró í Eyjafjarðarsveit skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald, sbr. 17. gr. samþykktar nr. 306/2008, um fráveitur í Eyjafjarðarsveit, sem standa skal undir kostnaði við verkið.

Þróargjald fyrir árið 2022 skal vera kr. 10.148 fyrir þrær undir 1.800 l að rúmmáli og kr. 15.505 fyrir 1.801 - 3.600 l þrær.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenju mikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar 26. nóvember 2021 og tekur þegar gildi. Jafnframt fellur gjaldskrá sama efnis nr. 14/2020 úr gildi.

*Eyjafjarðarsveit, 16. desember 2021.*

**Stefán Árnason** skrifstofustjóri.

B-deild – Útgáfud.: 6. janúar 2022